

Fundur í foreldraráði Borgarholtsskóla 1. febrúar, 2011

Fundartími: 18:15 – 19:30 Næsti fundur 1. mars, tímasetning ákv síðar.

Mættir: Ásgeir Sigurðsson, Aðalbjörg Ólafsdóttir, Ágústa Ragnarsdóttir, Hrefna Sigurðardóttir, Ásdís Kristinsdóttir.

1. Umræða um skólaakstur frá Mosfellsbæ.

- Almenn ánægja með bréf sem Ásgeir hefur samið til Strætó bs með tillögum/ábendingum vegna almenningssamgangna á morgnana frá Mosfellsbæ. Ákveðið að senda bréfið á stjórn Strætó bs. Óskað er eftir viðbrögðum/svari fyrir 22. febrúar.

2. Nýjárball - Ekki mikil mæting og ballið gekk vel.

3. Bjórkvöld

- Bjórkvöld eiga ekki að eiga sér stað en nýlega var slíkt kvöld haldið. Umræða um málið. Auglýsingar ganga á milli á facebook og með sms. Skýrar línur frá hendi skólans, svona kvöld eru ekki á hans vegum. Tilkynna til lögreglu ef við verðum vör við að staðir séu að auglýsa bjórkvöld. Lögreglan hefur óskað eftir samstarfi og vill fá tilkynningu. Forvarnarfulltrúar geta hugsanlega komið að þessu máli.
- Ákveðið að hafa samband við lögregluna og vita hvernig á að bera sig að við að tilkynna. Aðalbjörg tekur það að sér.

4. Handbók frá Heimili og skóla

- Umræða um handbókina. Foreldraráðið þarf að skoða samstarfið/tengslanet sitt innan skólans. Fá forvarnarfulltrúa og fulltrúa frá nemendum á næsta fund. Bæta SOS síðuna og fundargerðir, setja þær á netið. Samstarfið við forvarnarfulltrúa hefur skilað sér t.d. eru upplýsingar um böll á heimsíðunni.
- Rætt um heimasíðuna. Vantar betri stað og fleiri undirtengla á síðu sem tilheyrir FoB. Eigum að geta veitt foreldrum aðstoð.

5. Spurningar og svör - Ákveðið að vinna í því áfram og senda á milli í tölvupósti.

6. Verkefni í samvinnu við Lýðheilsustöð – Heilsueflandi skóli

- Verkefnið kynnt en því er m.a. ætlað að hvetja nemendur til að hjóla í skólann, taka á matarræði. Borgarholtsskóli er með græn fánann og stefnu varðandi sjálfbærni.
- Óskað eftir samvinnu við FoB um þetta verkefni.
- Kynning frá Lýðheilsustöð verður á apríl fundinum.
- Kennslustjórar, íþróttakennarar, mötuneytisnefnd ofl sitja í hópnum sem gerir áætlun um verkefnið. Foreldraráðið verður fengið til að skoða áætlunina og koma með tillögur og ábendingar ef einhverjar eru.
- Verkefnið getur verið hvatning til nemenda um breyttan lífstíl/grænan lífstíl.

7. Glæsiballið

- Glæsiballið verður 17. febrúar, kl. 19:30. Skóhlífadagarnir eru 16.-17. febrúar. Fulltrúar frá FoB eru í móttökunni á ballinu frá kl. 19 - 20, taka á móti nemendum, hengja upp yfirhafnir og eru um leið forvörn, þ.e. áfengisbann.
- Danskennsla í tengslum við glæsiballið – hugmynd fyrir næsta ár.

8. Opinn dagur

- Hugmynd um að hafa opinn dag í skólanum fyrir foreldra. Einnig að fá foreldra til að koma með námskeið á Skóhlífadögum.